

FÉLAGSDÓMUR

Ár 2019, miðvikudaginn 20. nóvember 2019, er í Félagsdómi í málinu nr. 8/2019:

Félag íslenskra náttúrufræðinga

(Jón Sigurðsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

vegna Hafrannsóknastofnunar, rannsóknar-

og ráðgjafastofnunar hafs og vatna

(Soffía Jónsdóttir lögmaður)

kveðinn upp svofelldur

dómur:

Mál þetta var dómtekið 23. október sl.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason, Ragnheiður Harðardóttir, Sonja M. Hreiðarsdóttir og Guðmundur B. Ólafsson

Stefnandi er Félag íslenskra náttúrufræðinga, Borgartúni 6 í Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli við Lindargötu í Reykjavík, vegna Hafrannsóknastofnunar, rannsóknar- og ráðgjafastofnun hafs og vatna, Skúlagötu 4 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- 1 Stefndi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi Hafrannsóknastofnun hafi brotið í bága við 3., 4. og 13. gr. og bókun 1 í stofnanasamningi milli stefnanda og stefnda, Hafrannsóknastofnunar, dags. 30. júní 2017, með því að hafa ekki raðað Lísu Anne Libungan, kt. 150177-3839, í launaflokk 29-4 vegna tímabilsins frá 13. mars 2017 til 1. september 2017, og í launaflokk 29 frá og með 1. september 2017. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda

- 2 Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir

- 3 Hinn 26. júlí 2001 gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og stefnandi, Félag Íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), hins vegar með sér kjarasamning með gildistíma frá 1. júlí 2001 til 30. nóvember 2004. Í 11. kafla hans er kveðið á um gerð stofnanasamnings og samstarfsnefndir. Kjarasamningum var breytt og hann

framlengdur fyrst 18. mars 2005 og síðan 28. júní 2008, 6. júní 2011, 11. febrúar 2013, 20. júní 2014, 14. ágúst 2015 og loks 16. janúar 2017.

- 4 Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og þar tilgreind aðildarfélög Bandalags háskólamanna (BHM) gerðu með sér samkomulag, dags. 6. júní 2011, um breytingu á grein 11.3.1 í kjarasamningi er laut að stofnsamningum. Sama dag gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN með sér viðauka við samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi undirrituðu 6. júní 2011. Í bókun 2 er tekið fram að þrátt fyrir ákvæði 11. gr. í samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarfélaga BHM um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila þá verði 11. kafli í gildandi kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs óbreyttur.
- 5 Stofnasamningur milli FÍN og Hafrannsóknarstofnunar var undirritaður 10. maí 2012 og tók hann gildi 1. júní 2012. Í stofnanasamningnum voru ákvæði um röðun í launaflokka á grundvelli menntunar í grein 4.2 og umbun vegna sérstakra tímabundinna starfstengdra og persónutengdra þátta í greinum 5.1. til 5.3.
- 6 Kjarasamningar félaga innan BHM runnu út 28. febrúar 2015. Viðræður milli BHM og Samninganefndar ríkisins (SNR) voru þá þegar hafnar og höfðu alls 19 aðildarfélög BHM, þ. á m. FÍN, ákveðið að vera í samfloti um gerð kjarasamninga með eina sameiginlega samninganefnd. Þann 26. mars 2015 vísaði BHM deilunni til ríkissáttasemjara. Vinnustöðvanir aðildarfélaganna hófust í apríl sama ár. Alls voru haldnir 24 fundir hjá sáttasemjara áður en Alþingi setti lög á deiluna 13. júní 2015, lög nr. 31/2015, um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarfélaga innan Bandalags háskólamanna og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- 7 Þann 14. ágúst 2015 úrskurðaði gerðardómur, sem skipaður hafði verið á grundvelli laga nr. 31/2015, í kjaradeilu aðila. Með úrskurði gerðardómsins voru gildandi kjarasamningar aðila framlengdir frá 1. mars. 2015 til 31. ágúst 2017 ásamt þeim breytingum sem úrskurðurinn kveður á um. Í 5. gr. úrskurðarins er kveðið á um röðun starfa og mat álags og um stofnanabátt. Samanstendur umrædd 5. gr. þannig af ákvæðum sem urðu að nýjum kjarasamningsákvæðum 11.3.2 og 11.3.3 og undirgreinum. Í ákvæði 11.3.3 er komist svo að orði að almennt skuli byggt á því að um sé að ræða þrjá þætti sem myndi samsetningu launa hjá hverjum og einum. Þessir þrír þættir eru síðan taldir upp í greinum 11.3.3.1 (röðun starfs), 11.3.3.2 (persónubundnir þættir) og 11.3.3.3 (tímabundnir þættir). Í grein 11.3.2 kemur fram að við gerð stofnanasamnings skuli semja um röðun starfa í launaflokka skv. ákvæði 11.3.3.1 í kjarasamningi. Þar skuli fyrst og fremst meta þau verkefni og þá ábyrgð sem felist í viðkomandi starfi auk þeirrar færni sem þyrfti til að geta innt það af hendi.
- 8 Gerðardómur fjallaði um í ákvæði 11.3.3.1 hvernig meta skuli viðbótarmenntun umfram grunnmenntun til launa við grunnröðun í launaflokka. Diplómanám skyldi leiða til eins launaflokka hækkunar, meistaragráða til hækkunar um tvo launaflokka

og doktorsnám til fjögurra launaflokka hækkunar. Í umfjöllun um persónubundna þætti í ákvæði 11.3.3.2 var vikið að ýmsum atriðum á borð við kunnáttu eða reynslu sem áhrif hefðu til fjölgunar álagsþrepa. Sérstaklega skyldi meta formlega framhaldsmenntun sem lokið væri með viðurkenndri prófgráðu og ekki væri þegar metin við grunnröðun starfsins. Þyrfti menntunin að nýtast í starfi og því miðað við að hún væri á fagsviði viðkomandi. Sérreglur giltu um stefnanda að þessu leyti þannig að framhaldsmenntun viðkomandi leiddi til launaflokkahækkunar en ekki fjölgunar álagsþrepa. Skyldi diplómapróf leiða til hækkunar um tvo launaflokka, meistaragráða um fjóra launaflokka og doktorsgráða til sex launaflokka hækkunar.

- 9 Hinn 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið forstöðumönnum ríkisstofnana leiðbeiningar um útfærslu menntunarákvæðis gerðardómsins. Með bréfi, dags. 5. desember 2016, mótmælti FÍN þeirri túlkun á sem ráðuneytisins kynnti í fyrrgreindum leiðbeiningum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
- 10 Hinn 16. janúar 2017 gerði FÍN og fjármála- og efnahagsráðuneytið með sér samkomulag um breytingu á úrskurðarorði gerðardóms hvað varðar ákvæði 11.3.3.1. Breytingin fólst í því að skilgreind viðbótarmenntun samkvæmt grein 11.3.3.1 var meira metin við grunnröðun starfs en gerðardómurinn hafði ákveðið ef hennar væri krafist samkvæmt starfslýsingu. Diplómanám skyldi þannig leiða til hækkunar um tvo launaflokka í stað eins, meistaragráða til hækkunar um fjóra flokka í stað tveggja og doktorsgráða til sex flokka í stað þriggja.
- 11 Þann 30. júní 2017 var undirritaður stofnanasamningur milli FÍN og Hafrannsóknarstofnunar sem gildir frá 1. júlí 2016. Í þriðja og fjórða kafla samningsins er m.a. fjallað um grunnröðun starfs í starfsheiti og launaflokka, starfsbundna þætti og persónubundna þætti, þ.m.t. viðbótarmenntun. Ákvæði þessi eru reist á greinum 11.3.2 og 11.3.3 í kjarasamningi aðila eins og þær voru ákveðnar í úrskurði gerðardóms með framangreindri breytingu 16. janúar 2017. Í bókun 1 við samninginn er meðal annars bókað að gengið sé út frá því að allir félagsmenn stefnanda myndu hækka um einn launaflokk og um menntunarákvæði gerðardóms. Jafnframt fylgdi stofnanasamningnum bókun 2 þar sem fram kemur að túlkun aðila á menntunarákvæðum gerðardóms falli ekki saman og því verði mögulegur ágreiningur úrlausnarefni Félagsdóms.
- 12 Síðsumars 2017 hófu stefnandi og samninganefnd ríkisins undirbúning kjarasamningsviðræðna sem fram fóru í kjölfarið. Ákvað stefnandi að vísa kjaradeildu sinni til ríkissáttasemjara í október 2017 en kjarasamningur var undirritaður 28. febrúar 2018. Í bókun 5, með kjarasamningi, kemur fram að aðilar séu sammála um að fram að næstu samningsgerð verði unnið að endurskoðun á 1. og 11. kafla samningsins. Ákvæði 11.3.2 og 11.3.3 standa óbreytt í kjarasamningnum. Gildistími hans rann út 31. mars 2019 en honum er þó áfram fylgt uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður.

- 13 Í bréfi stefnanda, til forstjóra Hafrannsóknarstofnunar, dags. 3. apríl 2018, er tekið fram að stefnanda þyki ljóst að ekki hafi verið samhljómur milli stefnanda og ríkisstofnana um hvernig túlka beri menntunarákvæðin í úrskurði gerðardóms. Var þess krafist að farið yrði að túlkun stefnanda og laun þeirra félagsmanna stefnanda sem starfi hjá stofnunni verði leiðrétt, sem hefði í för með sér launaflokkshækkun og launaleiðréttingu félagsmanna stefnanda og starfsmanna stofnunarinnar

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 14 Stefndi kveðst reisa stefnukröfur á því að stefndi hafi, með því að skirrast við að raða Lísu Anne Libungan, félagsmanni stefnanda og starfsmanni stefnda Hafrannsóknastofnunar, í þá launaflokka sem stefnukrafa mæli fyrir um, frá 1. júlí 2016 að telja, brotið í bága við ákvæði stofnanasamnings aðila, dags. 30. júní 2017, ákvæði 3. gr., sbr. sérstaklega gr. 3.3, 4. gr., 13. gr. og bókun 1 í samningnum. Nánari útlistun á uppbyggingu stefnukrafna sé að finna í kafla 2.4 í stefnunni. Byggt er á því að umræddur starfsmaður eigi samningabundna og lögvarða kröfu á því að henni verði raðað í umræddan launaflokk samkvæmt ákvæðum stofnanasamnings og fá greidd laun frá stefnda samkvæmt því frá og með 1. júlí 2016, sbr. einnig úrskurð gerðardóms samkvæmt lögum nr. 31/2015, samkomulag um breytingu á gerðardómsúrskurði, dags. 16. janúar 2017 og ákvæði kjarasamnings.
- 15 Ágreiningur aðila snúi að því hvernig túlka beri svokölluð menntunarákvæði stofnanasamnings, sbr. gerðardóm, samkomulag um breytingu á gerðardómsúrskurði og kjarasamning, er lúta sérstaklega að starfsbundnum og persónubundnum þáttum, m.a. viðbótarmentun, nánar tiltekið þegar gerð er krafa um viðbótarmentun umfram grunnmentun og þegar um er að ræða viðbótarmentun sem ekki er þegar metin við grunnröðun og þar sem mentunin nýtist í starfi. Stefndi leggur þann skilning í þessi ákvæði að meta skuli til sérstakrar launaflokkshækkunar prófgráðu sem starfsmaður stefnda hafi og krafist sé að hann hafi, en til viðbótar því eigi sami starfsmaður rétt á því að metið sé einnig til launaflokka ef hann hafi viðbótarprófgráðu sem ekki er þegar metin við grunnröðun og sem nýtist í starfi. Stefndi kveðst vekja athygli á því að ágreiningur aðila sé samkvæmt þessu ekki um einstaklingsbundin umsamin ráðningarkjör einstakra starfsmanna. Stefndi kveðst vísa til stuðnings kröfum sínum einnig til hliðsjónar til ákvæðis 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 16 Stefndi bendir á að stofnanasamningur sé gerður samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings milli stefnanda og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. stefnda, ríkissjóðs, sbr. einnig gr. 11.3.2 í úrskurði gerðardóms um að samið skuli í stofnanasamningi um röðun starfa í launaflokka. Í bókun 1 með stofnanasamningnum komi fram að allir skuli hækka um launaflokk og um menntunarákvæði gerðardóms sem séu þau sömu og mælt sé fyrir um í stofnanasamningnum. Sömuleiðis komi þar fram að menntunarákvæði gerðardóms taki gildi 1. júlí 2016, þegar að

menntunarákvæði eldri stofnanasamnings falli niður. Ástæðan fyrir því tímamarki í stofnanasamningnum hafi verið sú að sama dag, 1. júlí 2016, hafi Hafrannsóknastofnun tekið til starfa, sbr. 10. gr. laga nr. 112/2015. Meta skuli menntun samkvæmt gr. 3.3 í og 4.1 í stofnanasamningi en að öðru leyti sé vísað til ákvæða gerðardóms, sbr. samkomulag um breytingu á gerðardómsúrskurði, dags. 16. janúar 2017.. Þá sé í bókun 2 sérstakt ákvæði um áskilnað til að leita með ágreining um menntunarákvæði gerðardóms til úrlausnar fyrir Félagsdómi.

- 17 Stefnandi kveðst byggja á því, svo sem að framan greinir, að framangreindri Lísu Anne Libungan hafi verið raðað ranglega í launaflokk og ekki til samræmis við ákvæði stofnanasamnings frá 1. júlí að telja, sbr. einnig úrskurð gerðardóms og samkomulag um breytingu á gerðardómsúrskurði. Nánari umfjöllun um röðunin sé að finna í köflum 2.4.1-2 hér á eftir.
- 18 Stefnandi byggir á því að menntunarákvæði stofnanasamnings aðila, dags. 30. júní 2017, séu skýr og ótvíræð. Samkvæmt ákvæðunum beri að hækka starfsmann til launaflokka fyrir starfsbundna þætti, þ.e. viðbótarmenntun sem gerð sé krafa um umfram grunnmenntun, sbr. gr. 3.3 í stofnanasamningi, en því til viðbótar vegna þeirrar framhaldsmenntunar sem nýtist í starfi, sbr. gr. 4.1 í stofnanasamningi. Ekkert hámark sé þar á, nema sú eina að röðunin sé innan launatöflu. Stofnunum sé ekki í sjálfsvald sett að meta hvort að hækkun samkvæmt ákvæðunum geti átt við, ef menntunin hvort tveggja nýtist í starfi og krafa sé gerð um hana. Samkvæmt þessum skilningi stefnanda á ákvæðunum, sé það til samræmis við skýrt orðalag þeirra að líta svo á að starfsmaður stefnda og félagsmaður stefnanda geti átt hvort tveggja rétt til hækkunar samkvæmt því annars vegar sem mælt sé fyrir um í gr. 3.3 og hins vegar því sem mælt sé fyrir um í gr. 4.1 í stofnanasamningi. Ríkisstofnunum sé ekki í sjálfsvald sett að meta menntun með öðrum hætti, í ljósi skýrra ákvæða stofnanasamnings, sbr. kjarasamning, úrskurðarorð gerðardóms og samkomulag um breytingu á gerðardómsúrskurði. Þegar menntunarákvæðin séu borin saman við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar um þann starfsmann Hafrannsóknastofnunar og félagsmann stefnanda sem dómröfur lúti að, m.a. um starf hans og menntun, komi í ljós að hann hafi átt inni launaflokkshækkanir og launaleiðréttingu, frá 1. júlí 2016. Menntun umrædds einstaklings sé af ýmsum toga og fleiri en ein háskólagráða, en menntunarinnar sé krafist í starfi umfram grunnmenntun og menntunin nýtist einnig í starfi. Starfslýsing liggi til grundvallar og sé skýr um þá menntun sem krafist sé og nýtist. Kveðst stefnandi vísa nánar tiltekið til eftirfarandi röksemda þessu til stuðnings. Stefnandi vekur athygli á því að ekki sé ágreiningur uppi milli aðila um fjölda lífaldursþrepa sem starfsmanninum sé raðað í og fram komi í tilgreiningu á eftir launaflokki. Þá er á það bent að núverandi launaflokksröðun stefnda Hafrannsóknastofnunar á framangreindum starfsmanni sé byggð á skilningi stefnda á menntunarákvæðum gerðardóms, nýjum stofnanasamningi aðila og afstöðu Kjara- og mannauðssýslu hjá stefnda, fjármála- og efnahagsráðuneyti, til menntunarákvæða sem stofnunin hafi fylgt.

- 19 Stefnandi bendir á að Lísu Anne hafi hafið störf 13. mars 2017, sbr. ráðningarsamning aðila, dags. sama dag, og kveðst stefnandi því miða dómkröfu við tímabilið þaðan í frá. Samkvæmt starfslýsingu Lísu Anne, undirritaðri í ágúst 2017, sé starfsheiti hennar „Náttúrufræðingur 4“. Grunnraðist hún því í launaflokk 18, sbr. grein 3.1 í stofnanasamningi og sé það óumdeilt milli aðila. Hún hafi fram til þess tíma grunnraðast í sama launaflokk samkvæmt eldri stofnanasamningi. Samkvæmt launasetningu stofnunarinnar eftir gerð nýs stofnanasamnings sé Lísu Anne raðað í launaflokk 24-4. Varðandi hækkun vegna viðbótarmenntunar samkvæmt grein 3.3 í stofnanasamningi byggir stefnandi á því að í því starfi sem Lísu Anne gegni nú hjá Hafrannsóknastofnun sé gerð krafa um MS próf í líffræði. Lísu Anne sé með MS próf í líffræði frá Háskóla Íslands. Því eigi hún rétt á fjórum launaflokkum vegna viðbótarmenntunar sinnar. Hvað varðar hækkun samkvæmt grein 4.1 í stofnanasamningi, þá kveðst stefnandi benda á að Lísu Anne sé með doktorspróf í líffræði frá Háskóla Íslands. Um sé að ræða formlega framhaldsmenntun sem lokið hafi verið með viðurkenndri prófgráðu sem ekki sé þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin nýtist einnig í starfi. Samkvæmt framangreindu eigi Lísu Anne rétt til sex launaflokka þar. Samkvæmt bókun 1 með stofnanasamningi sé gengið út frá því að allir hækki um einn launaflokk til viðbótar. Að öllu þessu virtu hafi stefnda Hafrannsóknastofnun borið að raða Lísu Anne í launaflokk 29-4 miðað við tímabilið frá 1. júlí 2016 til 1. september 2017, en frá og með því tímamarki í launaflokk 29, en ekki launaflokk 24 eins og henni sé nú raðað í.
- 20 Stefnandi vekur athygli á því að með gerð kjarasamnings aðila, sem undirritaður hafi verið 28. febrúar 2018, hafi launatöflu verið breytt frá og með 1. september 2017 þannig að allir launþegar sem undir kjarasamninginn falli hafi hækkað frá þeim tíma í lífaldursþrep 5. Þau lífaldursþrep sem áður höfðu gilt, þ.e. 1-4, hafi dottið út en eftir breytinguna hafi eingöngu verið um að ræða lífaldursþrep 5. Við þá hækkun hafi allir félagsmenn stefnanda sem undir kjarasamninginn falla færst úr lífaldursþrepi 1-4 í lífsaldursþrep 5. Samhliða þessari breytingu hafi verið felld út sérstök tilgreining á lífaldursþrepi, svo sem launatöflur í kjarasamningi sýni, en þess í stað hafi launaflokkurinn sem viðkomandi tilheyrði verið tilgreindur. Eins og áður sagði hafi sú breyting gilt frá 1. september 2017 samkvæmt kjarasamningnum. Þegar af þeirri ástæðu taki stefnukröfur breytingu við það tímamark, þ.e. að tilgreining lífaldursþreps falli út frá og með 1. september 2017.
- 21 Að mati stefnanda fái skilningur og túlkun stefnda á menntunarákvæðum stofnanasamnings ekki staðist. Sú túlkun sé með þeim hætti að hæsta menntunargráða sem viðkomandi hafi og sem nýtist í starfi eða krafist sé til starfans, teljist ein til hækkunar.
- 22 Stefnandi telur að stefndi hafi við túlkun á menntunarákvæðum litið til aðfaraorða úrskurðar gerðardóms frá árinu 2015 og álítur að þau gefi til kynna að túlka beri menntunarákvæðin út frá kröfum og sjónarmiðum sem samninganefnd ríkisins hafi

haft upp í samningaferlinu, fram að úrskurði gerðardóms. Samkvæmt því skuli einungis tekið mið af hæstu prófgráðu sem krafist sé vegna viðkomandi starfs, en stofnanir verði sjálfar að meta hvort framhaldsmenntun uppfylli bæði skilyrði um að nýtast í starfi og vera á fagsviði viðkomandi. Meðal annars verði að horfa til þess hvort við mat á grunnröðun hafi verið tekið tillit til viðbótarmenntunar. Í þeim tilvikum þegar menntun bæði nýtist í starfi og gerð er krafa um menntun viðkomandi í starfinu, virðist stefndi hafa talið að meiri menntun ryðji út minni menntun að þessu leyti.

- 23 Stefnandi byggir á því að túlkun þessi sé afar þröng og ekki til samræmis við ákvæði stofnanasamnings, sbr. einnig gildandi kjarasamning, úrskurð gerðardóms og samkomulag um breytingu á gerðardómsúrskurði, dags. 16. janúar 2017. Bendir stefnandi á að dómsmálið lúti að ágreiningi um skilning á ákvæðum stofnanasamnings. Aðfaraorð gerðardómsins frá 2015 séu ekki beinn hluti af stofnanasamningi og ekki hafi verið gerður fyrirvari af hálfu stefnda Hafrannsóknastofnunar um að skýra yrði einstök menntunarákvæði út frá aðfaraorðum gerðardómsins frá árinu 2015, m.a. sé enginn fyrirvari um það í stofnanasamningi. Stefnandi kveðst einnig benda á að í gildi sé kjarasamningur aðila, dags. 28. febrúar 2018, þar sem m.a. sé að finna í 11. kafla umrædd menntunarákvæði. Kjarasamningur þessi gildi frá 1. september 2017. Ekki sé hægt með neinum hætti að lesa út úr þeim ákvæðum þá túlkun eða sjónarmið sem stefndi hafi haldið fram, sbr. framangreint. Þá telur stefnandi að ákvæði stofnanasamnings séu afar skýr og valdi engum vafa hvernig beri að túlka. Hið sama eigi einnig við um gerðardóminn. Aðfaraorð gerðardómsins og úrskurðurinn sjálfur séu sitt hvor hluturinn. Úrskurðarorðið sé afar skýrt og vísi ekki til aðfaraorða sérstaklega, hvað þá að þar sé gerður nokkur fyrirvari við að ákvæði úrskurðarorða beri að túlka eftir orðanna hljóðan.
- 24 Þá vísar stefnandi til þess að í aðfaraorðum gerðardómsins sé eingöngu fjallað um tillögu eða tilboð samninganefndar ríkisins 10. júní 2015 sem lotið hafi að viðbótarmenntun samkvæmt gr. 11.3.3.2. Ekki sé getið um að tilboðið hafi náð einnig til efnis gr. 11.3.3.1 sbr. það sem fram komi í aðfaraorðum gerðardómsins. Mismunandi matsþættir menntunar í köflum 11.3.3.1 og 11.3.3.2 í úrskurði gerðardóms séu ekki spyrtir saman í aðfaraorðunum, ólíkt því sem stefndi virðist telja að beri að gera.
- 25 Stefnandi bendir enn fremur á að við túlkun menntunarákvæðanna sé mikilvægt að horfa til þess hvert upphaflegt markmið hafi verið með setningu þeirra og hvaða kröfum þeim hafi verið ætlað að mæta. Ákvæðin hafi, eins og fyrr greinir verið sett inn í stofnanasamning aðila í kjölfar úrskurðar gerðardóms, dags. 14. ágúst 2015 og samkomulags um breytingu á gerðardómsúrskurði, dags. 16. janúar 2017. Löng barátta stefnanda og Bandalags háskólamanna, sem stefnandi eigi aðild að, fyrir því að menntun yrði metin til launa hafi skilað sér í því að umrædd ákvæði voru færð í

gerðardóm, breytingarsamkomulag og þar með kjarasamning. Krafan hafi verið byggð á málefnalegum sjónarmiðum og sameiginlegum hagsmunum ríkisins og starfsfólks þess. Grunnrökin byggðu á mikilvægi þess að hæft fólk starfi innan stjórnsýslunnar, m.a. til að auka gæði hennar, færni og þjónustu. Hluti af því hafi verið að menntað fólk sæi hag sinn í því að starfa innan stjórnsýslunnar og nýta menntun sína í þágu ríkisins.

- 26 Auk framangreindra lagatilvísana kveðst stefnandi byggja kröfur sínar fyrst og fremst á stofnanasamningi milli stefnanda og Hafrannsóknastofnunar. Byggt er á kjarasamningi aðila, hvort tveggja gildandi kjarasamningi og þeim sem í gildi var á undan honum, en einnig er byggt á úrskurði gerðardóms, dags. 14. ágúst 2015, sbr. lög nr. 31/2015, og samkomulagi um breytingu á gerðardómsúrskurði, dags. 16. janúar 2017.. Stefnandi vísar einnig til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga og meginreglna vinnuréttar og kröfuréttar. Vísað er til ákvæða laga nr. 31/2015 um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarfélaga innan Bandalags háskólamanna og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, til stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og til laga nr. 112/2015 um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. Þá er vísað til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.m.t. 3. tl. 1. mgr. 26. gr., sbr. einnig IV. kafla, þ.m.t. 44. gr., laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 27 Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði byggir á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattskyldur og til að tryggja skaðleysi sitt sé honum nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 28 Stefndi mótmælir öllum málatilbúnaði stefnanda sem röngum og ósönnuðum.
- 29 Að mati stefnda hafi stefnandi uppi kröfur á þríþættum grunni að því að næst verði komist. Að stefndi hafi ekki staðið við hækkun um einn launaflokk launa allra félagsmanna stefnanda hjá Hafrannsóknarstofnun í samræmi við bókun 1 sem fylgi gildandi stofnanasamningi, að stefndi hafi látið undir höfuð leggjast að hækka laun félagsmanns stefnanda, Lísu Anne Libungan vegna MS gráðu hennar um fjóra launaflokka við grunnröðun starfs hennar í launaflokka á grundvelli greinar 11.3.3.1 og að stefndi hafi látið undir höfuð leggjast að hækka laun félagsmannsins um sex launaflokka vegna doktorsgráðu hennar sem viðbótarmenntunar á grundvelli greinar 11.3.3.2.
- 30 Stefndi krefjast sýknu þar sem fyrsti þáttur kröfu stefnanda sé rangur, laun hafi verið hækkuð um einn launaflokk. Eins sé krafist sýknu þar sem hinir tveir þættir kröfunnar byggir á rangri túlkun og beitingu ákvæða stofnanasamnings sem grundvallaður sé á kjarasamningi málsaðila. Tekið hafi verið tillit til MS-gráðu Lísu Anne í grunnröðun

starfs hennar frá öndverðu enda áskilin menntunarkrafa í starfslýsingu og þá sé jafnframt tekið tillit til doktorsráðu hennar sem viðbótarmenntunar. Öllum réttindum Lísu Anne hafi þannig verið haldið til haga.

- 31 Stefndi bendir á að málsaðilar séu bundnir af úrskurði lögbundins gerðardóms frá 14. ágúst 2015, sem settur hafi verið á laggirnar samhliða því sem verkföll stefnanda, annarra aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga voru stöðvuð með sömu lögum. Það hafi verið með þeim úrskurði sem grunnur hafi verið lagður að því hvernig menntun skyldi metin til launaflokka annars vegar sem hluti af grunnröðun í launaflokka og hins vegar hvernig persónubundin viðbótarmenntun sem nýttist í starfi skyldi metin. Notuð var sama útfærslan en eðli máls samkvæmt á sitthvorum grunninum. Útfærslur gerðardómsins í þessum efnum hafi breytt þeim hluta kjarasamnings sem hafi ákvæði um stofnanasamninga að geyma, 11. kafla.
- 32 Gerðardómurinn hafi kosið að hafa þann hátt á að fjalla efnislega um þær forsendur sem lutu að verkefni gerðardómsins og síðan tekið sérstaklega efnislega afstöðu til þeirra atriða sem samningsaðilar höfðu tekist á um í kjarasamningsviðræðum í aðdraganda setningar laga nr. 31/2015. Þegar þannig hafi verið höggvið á þá hnúta sem verið höfðu í viðræðum aðila hafi breytingarnar sem sú niðurstaða leiddi til verið færðar inn í viðeigandi kjarasamningsákvæði. Bendir stefni á að úrskurður gerðardómsins sé 43 blaðsíður og stefnanda sé ekki tækt að lesa einungis tvö ákvæði úrskurðarorðsins og rangtúlka þar að auki það sem þar standi.
- 33 Í úrskurði gerðardómsins hafi því verið slegið föstu að það sé „rétt og til bóta gagnvart BHM-félagunum, við breytingar á 11. kafla kjarasamningsins, að hafa hliðsjón af því sem fram kemur í vinnuskjali SNR frá 10. júní 2015 um þetta atriði.“
- 34 Í tilvitnuðu vinnuskjali sé fjallað um röðun starfa og mat álags. Sé þar vísað til þess að um röðun starfa í launaflokka eigi að fara eftir grein 11.3.3.1 en að meta skyldi sem álagsþrep persónu- og tímabundna þætti og vísað til greina 11.3.3.2 og 11.3.3.3. Þá hafi 11. kafli kjarasamnings um stofnanapátt verið úfærður út í hörgul.
- 35 Í þeirri útfærslu hafi sérstaklega verið fjallað um röðun starfs í launaflokka og lagt til grundvallar að ef gerð væri menntunarkrafa umfram grunnmentun sem skilgreind var sem BA/BS skyldi starfsmaður fá vegna hennar umbun sem næmi ávinnslu vegna viðbótarmenntunar eða framhaldsmenntunar á grundvelli 11.3.3.2. Þess hafi sérstaklega verið getið að slík menntun sem metin væri sem hluti röðunar starfs yrði ekki tvítalin og bætist ekki aftur við á grundvelli 11.3.3.2.
- 36 Stefndi telur að í umfjöllun í XI. kafla úrskurðar gerðardómsins, sem fjalli um launasetningu með tilliti til menntunar, sé því slegið föstu að leggja efnislega til grundvallar tillögu samninganefndar ríkisins frá 10. júlí 2015 með þó fjölgun launaflokka fyrir hverja námsgráðu umfram það sem tillagan gerði ráð fyrir. Efni tillögu stefnda sem gerðardómurinn hafi lagt til grundvallar niðurstöðu sinni hafi verið

tekin orðrétt upp í úrskurðinn: „Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntun þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi.“

- 37 Sérstaklega hafi verið tekið af skarið af hálfu gerðardómsins um að fallist væri á rök stefnda um að ef greiða ætti viðbótargreiðslur fyrir menntun ætti að miðast við að hún nýttist í starfi því sem starfsmaðurinn væri ráðinn til að rækja, menntunin þurfi að vera á fagsviði viðkomandi og nýtast honum í starfi.
- 38 Í útfærslu gerðardómsins á ákvæðum kjarasamnings hafi síðan verið skilgreint hvernig meta ætti framhaldsmenntun sem áskilin væri vegna viðkomandi starfs inn í grunnröðun í grein 11.3.3.1 og hvernig meta ætti persónubundna viðbótarframhaldsmenntun sem ekki væri áskilin en nýttist í starfi í grein 11.3.3.2. Stefndi og stefndi hafi síðan komið sér saman um aukinn rétt vegna námsgráðu sem áskilin væri í starfslýsingu sem þannig hafi aukið við réttindi samkvæmt grein 11.3.3.1.
- 39 Stefndi telur að með því að útfæra annars vegar nákvæmlega hve marga launaflokka hver prófgráða fæli í sér inn í grunnröðun og hins vegar hve marga launaflokka viðbótarmentun, sem væri umfram kröfur sem gerðar væru vegna starfs, hafi gerðardómurinn í raun verið að útfæra, hlutbinda og gera bæði gegnsætt og fyrirjáanlegt hvernig nám, sem lyki með formlegri gráðu, endurspegladist í ákvörðun launaflokka. Annars vegar hvað einstök störf snerti með launaflokkaskilgreiningu starfsins og hins vegar með hliðsjón af persónulegum aðstæðum starfsmanns með tilliti til mögulegrar framhaldsmenntunar sem nýttist í starfi. Með ákvörðun sinni hafi gerðardómurinn þar með tekið af skarið um ágreiningsmál sem verið hafði við lýði að minnsta kosti frá 2001 er fjallað var um í grein 11.1.3 og grein 11.1.3.1 þess kjarasamnings, að við gerð stofnanasamnings ætti meðal annarra upptalinna atriða sem horfa mætti til við grunnröðun starfa og í samningum um persónubundna þætti aukna hæfni starfsmanna vegna formlegs framhaldsnáms.
- 40 Stefndi byggir á því að gildandi stofnanasamningur aðila sé ljós í þessum efnum og í fullu samræmi við kjarasamning. Efni greinar 3.3 um starfsbundna þætti sé sótt til samkomulags málsaðila frá 16. janúar 2017, sem hafi breytt ákvæði gerðardóms um grein 11.3.3.1. Efni greinar 4.1 um viðbótarmentun sé svo sótt til greinar 11.3.3.2.
- 41 Þegar horft sé til þessara ákvæða og samhengis þeirra við önnur ákvæði og forsendur gerðardómsins, telur stefndi blasa við að túlkun og beiting stefnda sé rétt. Grunnröðun launa viðkomandi starfs sé fundið með því að innifela þá launaflokka sem leiða af æðra menntunarstigi en grunnmenntun, Bakkalárprófi, BA, BS eða B.Ed gráðu. Síðan ef viðkomandi búi að persónubundnum þætti eins viðbótarmentun umfram það sem starfslýsing krefst er umbunað fyrir það með skilgreindum fjölda launaflokka.

- 42 Stefndi telur að þess sjáist hvergi stað að ráðagerð stefnanda eigi við rök að styðjast að hægt sé að horfa til þess launaflokks sem starfsmaður naut áður en stofnanasamningurinn var gerður, sem innihélt launaflokkaákvörðun með tilliti til áskilinnar aukinnar menntunar, og reikna áskildu viðbótarmenntunina aftur ofan á þá launaflokka og bæta svo enn við þeim launaflokkum sem persónubundin viðbótarmenntun kunni að skila starfsmanni. Slík margtalning sömu menntunar til launaflokka eigi sér enga stoð í úrskurði gerðardóms, ákvæðum kjarasamnings eða stofnanasamnings.
- 43 Stefndi telur það ekki heldur eiga sér stoð að í launaflokkum sem félagsmenn stefnanda hafi unnið eftir, þar til gerðardómsúrskurðurinn var kveðinn upp, hafi ekki verið tekið neitt tillit til áskilinnar viðbótarmenntunar, umbun fyrir slíka menntun hafi þeir þurft að sækja í greipar viðeigandi stofnunar stefnda sem viðbótarlaunaflokka. Slíkur málátilbúnaður er í andstöðu við staðreyndir og gengur í berhögg við kjarasamninga málsaðila, þar með talið ákvæði um stofnanasamninga sem gildi óbreytt frá 1. júlí 2001, þar til gerðardómurinn hafi kveðið upp úrskurð sinn 14. ágúst 2015. Stefndandi sé bundinn af þessum ákvæðum enda séu þau hluti af kjarasamningi allt frá því gerðardómurinn var kveðinn upp.
- 44 Að mati stefnda blasir jafnframt við að kröfugerð stefnanda eigi ekki við rök að styðjast þegar hugað er að réttindum þess félagsmanns sem nafngreindur er í dómkröfu stefnanda
- 45 Stefndi bendir á að þegar Lísu Anne Libungan félagsmaður stefnanda, hafi verið ráðin til starfa hjá Hafrannsóknarstofnun 13. mars 2017 hafi verið í gildi stofnanasamningur sem dagsettur er 10. maí 2012 og tók gildi 1. júní sama ár.
- 46 Lísu Anne hafi verið ráðin með starfsheitið sérfræðingur 3. Samkvæmt starfslýsingu hafi MS gráða líffræðings verið áskilin til að hljóta starf sem slíkur. Lísu Anne hafi verið greidd laun samkvæmt launaflokki 22 á grundvelli fyrrnefnds stofnanasamnings en þau kjör hafi í fyrsta lagi verið byggð á grunnröðun starfsheitis hennar sem hafi verið launaflokkur 15 að viðbættum einum launaflokki í samræmi við umsamda hækkun samkvæmt stofnanasamningi 1. ágúst 2013, sem þannig hafi verið kominn til framkvæmdar þegar hún var ráðin, og svo eins launaflokks vegna meðhöndlunar eiturefna í starfi. Auk þessara flokka hún síðan fengið 5 launaflokka vegna doktorsprófs sem hún hafi notið þegar hún réði sig til starfa (samtals $15+1+1+5=22$) í samræmi við framkvæmd Hafrannsóknarstofnunar á stofnanasamningi að æðsta menntunargráða starfsmanns endurspeglar í endanlegri röðun í launaflokk. Tekið hafi verið tillit til MS gráðu Lísu Anne í grunnröðun launaflokks enda áskilin menntunargráða. Hvorki Lísu Anne eða stefndandi hafi gert athugasemd við þessi ráðningarkjör.
- 47 Í tilvitnuðum stofnanasamningi frá 10. maí 2012 hafi verið kveðið á um grunnröðun starfa og talin upp launaflokkaröð starfanna. Sérfræðingur 3, sem var upphaflegur

starfstíttill Lísu Anne, hafi falið í sér grunnröðun, launaflokk 15. Starfinu hafi verið lýst á eftirfarandi máta: „Sérfræðingur sem hefur mikla faglega ábyrgð á rannsóknum eða er fulltrúi stofnunarinnar á sínu sviði í ráðgjöf til stjórnvalda. Sérfræðingur sem stjórnar og hefur umsjón með umfangsmiklu verkefni eða fleiri smærri verkefnum sem krefjast mikillar skipulagsvinnu og umsjón með vinnu annarra.“

- 48 Stefndi telur augljóst af þessari skilgreiningu starfs og með tilliti til áskilinnar menntunar í starfslýsingu að Lísu Anne hefi verið skipað réttilega í launaflokk og notið menntunar sinnar sem áskilin hafi verið til fullnustu í því. Í þessum efnum megi enda einnig horfa til skilgreiningar á starfstíttlinum sérfræðingi 1 sem raðist í launaflokk 11.
- 49 Í grein 4.2 hafi sérstaklega verið vikið að viðbótarmenntun út frá menntunarstigi og skilgreint að frá 1. janúar 2014 tæki við eftirfarandi röðun starfsheita með tilliti til menntunar: „Við röðun starfsheita náttúrufræðingur 1-5 og sérfræðingur 1-3 bætist við 2 launaflokkar vegna BSc honours prófs eða hliðstæðrar menntunar, 3 launaflokkar vegna meistaraþrófs eða hliðstæðrar menntunar og 5 launaflokkar vegna doktorsþrófs eða hliðstæðrar menntunar.“
- 50 Fyrir liggi óumdeilt að Lísu Anne njóti doktorsþrófs og jafnframt sé óumdeilt að hún hafi fengið þá menntun metna til fullnustu í starfi, fimm launaflokka. Stefndi bendir einnig á að engar athugasemdir hafi verið gerðar við það að hún hafi „einungis“ fengið doktorsþróf sitt metið til viðbótarlaunaflokka en ekki meistaraþróf sitt.
- 51 Í grein 4.3 í stofnanasamningnum hafi verið kveðið á um að starfsmaður raðaðist einum launaflokki ofar en ella ef hann ynni að staðaldri með skilgreint eiturefni. Lísu Anna hafi fengið slíka röðun.
- 52 Stefndi telur að þegar ráðningarkjör Lísu Önnu sé gaumgæfð með tilliti til þessa stofnanasamnings sjáist glögg að hún hafi notið í raun nánast allra þeirra réttinda sem gerðardómurinn hafi slegið föstum í úrskurði sínum í greinum 11.3.3.1 og 11.3.3.2, að teknu tilliti til samkomulags málsaðila hvað ákvæði 11.3.3.1 snertir. Gagnvart Lísu Anne og öðrum félagsmönnum stefnanda sem vinni samkvæmt stofnanasamningi Hafrannsóknastofnunar hafi gerðardómurinn fyrst og fremst falið í sér þau bættu kjör að þáttur menntunar í skilgreiningu starfa í launaflokka sé orðin gagnsærri og félagsmönnum hlotnist fleiri launaflokkar fyrir æðri viðbótarmenntun, fjóra fyrir meistaraþróf og sex fyrir doktorsþróf.
- 53 Eftir gerð nýs stofnanasamnings 30. júní 2017, hafi Lísu Anne verið greidd laun samkvæmt launaflokki 24. Þau kjör hafi annars vegar verið byggð á fyrri grunnröðun samtals launaflokkur 17 (15+1+1), sem hafi falið í sér tillit til MS gráðu Lísu Anne. Síðan hafi verið bætt við einum launaflokki í samræmi við bókun 1 með stofnanasamningi og síðan 6 launaflokkum vegna doktorsþrófs í samræmi við grein 4.1 þar sem sérstaklega sé skírskotað til gerðardóms samkvæmt lögum nr. 31/2015.

Sundurliðunin sé þannig $17+1+6=24$. Hafi röðun í launaflokk þannig tekið mið af æðstu menntun hennar.

- 54 Augljóst sé af þessu að fullyrðing stefnanda um vanefndir stefnda á því að hækka alla um einn launaflokk sé röng. Útfærsla og framkvæmd stofnanasamnings hafi verið unnin í nánú samstarfi með stefnanda og engar athugasemdir fyrr en með stefnu í máli þessu hafi komið um að stefndi hafi vanefnt stofnanasamning í þessum efnum. Væri þess að vænta að hljóð hefði heyrst úr horni ef sú væri raunin að stofnanasamningurinn hefði verið vanefndur gagnvart öllum félagsmönnum stefnanda. Engar forsendur séu heldur til að telja að Lísanna hefði borið skarðari hlut frá borði en aðrir félagsmenn stefnanda í þessum efnum. Vert sé líka að halda því til haga að hvergi sé minnst á kröfugerð sem þessa í kröfubréfi sem ritað hafi verið af hálfu stefnanda, tölvuskeytum eða drögum formanns stefnanda að fundargerð samstarfsnefndar. Þögn þessara gagna allra, sem öll stafi að mestu frá stefnanda auk þess sem engin gögn styðji málatilbúnað stefnanda í þessum efnum, tali því einu máli að krafan eigi ekki við nokkur rök að styðjast og sé með öllu ósönnuð.
- 55 Stefndi telur að ef kröfugerð stefnanda næði fram að ganga myndi Lísanna fyrst njóta í tvígang eins launaflokks hækkunar samkvæmt stofnanasamningi og njóta svo í tvígang mastersgráðu sinnar. Fyrst þegar grunnröðun starfs hennar hafi verið ákveðin í öndverðu og svo aftur sem viðbótarnám. Við blasi að mati stefnda að ef gerðardómurinn hefði haft í hyggju að stórauka vægi menntunar í launum svo mjög að leiða myndi til sjö launaflokka hækkunar á einu bretti hefði það verið fært í orð. Alveg sérstaklega ef til hefði staðið að sama viðbótarmenntunin sem áskilin væri til rækslu starfans ætti bæði að teljast innan grunnröðunar en einnig til viðbótar þeirri röðun að svo viðbættum launaflokkum vegna persónubundins æðra náms. Slík túlkun eigi ekki við nokkur rök að styðjast.
- 56 Í þessu sambandi vísar stefndi til þess að gerðardómurinn hafi tekið það sérstaklega fram þegar skilgreint var hverjar beinar launahækkanir fælust í úrskurðinum að útfærsla á menntunarþættinum og eftir atvikum öðrum þáttum í stofnanasamningi fæli í sér 1,65% framlag. Stefndi hafi lýst sig óbundinn af þessari ákvörðun gerðardómsins, auk þess sem hann hafi skilgreint það að tveggja launaflokka hækkun fæli í sér 6,1% launahækkun. Að því gefnu að rétt sé að hækkun um tvo flokka nemi 6,1% þá fæli kröfugerð stefnanda í sér, ef hún næði fram að ganga, að Lísanna myndi hækka um 21,35% í launum. Stefndi telur næsta öruggt að gerðardómur, sem meðal annars hafi verið skipaður þrautreyndum endurskoðanda, hefði fært það í orð ef slíkur þungi hafi átt að vera á launahækkunum af þessu tilefni og reiknað annað og meira út en 1,65% framlag.
- 57 Stefndi byggir á því niðurstaða gerðardóms samkvæmt lögum nr. 31/2015 fæli í sér lögbundna takmörkun á samningsfrelsi samningsaðila, sem hafi verið slegið föstu fyrir dómstólum að standist stjórnarskrá. Þegar svo hátti til verði sá skýringarkostur sem varlegastur sé á orðum gerðardómsins sá sem öll rök standi til. Niðurstaða

gerðardóms sem til hafi verið stofnað með þessum hætti verði ekki túlkuð rúmt eða á einhvern hátt með rýmkandi skýringu. Horfa verði í þeim efnum einnig til eðlilegrar orðskýringar á þeim forsendum sem gerðardómurinn lagði niðurstöðu sinni til grundvallar. Séu þessi sjónarmið höfð í heiðri sé ekkert rými til svo rúmrar túlkunar sem stefnandi leggi til grundvallar. Að því ógleymdu sem fyrr hafi verið haldið til haga að texti gerðardómsins leyfi ekki ályktanir stefnanda.

- 58 Að síðustu byggir stefndi á því að frá því að gerðardómurinn hafi verið kveðinn upp fyrir tæpum fjórum árum hafi málsaðilar ítrekað sest að samningaborðinu og fjallað þar meðal annars um ákvæði um stofnanasamninga og menntunarákvæði þau sem dómsmál þetta lýtur að. Þannig hafi stefnandi og fjármálaráðuneytið gert með sér samkomulag um breytingu á úrskurðarorði gerðardóms 16. janúar 2017 um ákvæði 11.3.3.1 án þess að vikið hafi verið að kröfum í anda þeirra sem grundvalla málsókn stefnanda. Í þessu sambandi árétti stefndi að rétt ríflega mánuði fyrr, 5. desember 2016, hafi stefnandi sent bréf til allra stofnana stefnda sem félagsmenn stefnanda starfi hjá þar sem áréttað hafi verið að niðurstöður gerðardómsins hvað varðar menntunarákvæðin væru túlkuð með öðrum hætti af hálfu stefnanda en ráðuneytið hafi kynnt í leiðbeiningum til stofnana.
- 59 Síðsumars 2017 þegar kjarasamningur á grundvelli gerðardómsins hafi runnið sitt skeið hafi hafist undirbúningur kjarasamningsviðræðna sem hafi svo farið fram í kjölfarið og undir handleiðslu ríkissáttasemjara frá október allt þar til ritað hafi verið undir nýjan kjarasamning 28. febrúar 2018. Ekki hafi verið gerður sérstakur ágreiningur um efni 11. kafla kjarasamningsins, en í bókun 5 með kjarasamningi komi fram að aðilar séu sammála um að fram að næstu samningsgerð verði unnið að endurskoðun á 1. og 11. kafla hans.
- 60 Stefndi telur að af framgangi stefnanda í þessum efnum verði ekki annað ályktað en að um viðurkenningu í verki sé að ræða. Að hafast ekkert á vettvangi kjarasamningsviðræðna um árábil og halda kröfu í anda þeirrar sem málsókn þessi byggir á ekki til haga. Bæði sýnist blasa við að stefnandi hafi ekki talið ómaksins vert að reyna að halda svo langsótttri kröfu til streitu, einboðið sýnist, ef stefnandi teldi hér um réttindamál að ræða sem knýja ætti á um að mjög upplagt tækifæri hefði verið til þess þegar sérstakt samkomulag hafi verið gert um títtnefnt menntunarákvæði. En ef ekki þá, sýnist það falla vel að inntaki 9. gr. laga nr. 84/1996 til að brydda upp á lausn þessa ágreinings á vettvangi kjarasamningsviðræðna, sérstaklega með fulltingi ríkissáttasemjara sem hafi lögbundnu hlutverki að gegna við að freista þess að höggva á hnúta sem þennan. Tómlæti stefnanda í þessum efnum, að láta þessi tækifæri sér úr greipum renna, ætti að leiða sjálfstætt til sýknu í máli þessu. Ef ekki sýknu þá í það minnsta ætti þessi framganga að vega gegn stefnanda við mat á málsstað hans, sem þannig teldist órökstuddur og ósannaður, sem leiði til sýknu stefnda.
- 61 Til stuðnings sýknukröfu vísar stefndi til kjarasamninga aðila og samþykktum breytingum og framlengingu kjarasamningsins frá árinu 2001. Einnig vísar hann til

laga nr. 94/1986 og laga nr. 80/1938 eftir því sem við geti átt. Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða

- 62 Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 63 Stefnandi krefst viðurkenningar á því að brotið hafi verið gegn nánar tilgreindum ákvæðum í stofnanasamningi milli stefnanda og Hafrannsóknarstofnunar með því að raða ekki starfsmanninum Lísu Anne Libungan, sem er félagsmaður í stefnanda, í launaflokk 29-4 á tímabilinu 13. mars 2017 til 1. september 2017 og í launaflokk 29 frá og með þeim tíma. Samkvæmt þessari framsetningu kröfugerðarinnar lýtur sakarefnið að því hvort ákvæði stofnanasamningsins leiði óhjákvæmilega til þess að raða beri starfsmanninum í umræddan launaflokk. Af málatilbúnaði aðila verður ráðið að meginágreiningurinn lúti að því hvernig meta eigi framhaldsmenntun hennar á háskólastigi til launaflokkahækkana samkvæmt stofnanasamningnum.
- 64 Í málinu liggur fyrir kjarasamningur stefnanda og stefnda, sem undirritaður var 28. febrúar 2018, og gildi til 31. mars á þessu ári. Samkvæmt venju og með hliðsjón af 2. gr. 12. gr. laga nr. 94/1986 er áfram farið eftir þeim samningi uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður. Í 11. kafla kjarasamningsins er fjallað um stofnanasamninga. Í grein 11.1.1 kemur fram að stofnanasamningar séu hluti kjarasamnings og gerður milli stofnunar og stéttarfélags um aðlögun tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna, með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnuninni sérstöðu. Þar segir einnig að samstarfsnefndir eða sérstakar nefndir samkvæmt grein 11.1.3.4 annist gerð og breytingar stofnanasamnings. Þá er þar mælt fyrir um að viðræður um stofnanasamning skuli fara fram undir friðarskyldu.
- 65 Í grein 11.1.3 í kjarasamningnum kemur fram að í stofnanasamningi skuli semja um grunnröðun starfa og hvaða þættir eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Skuli þá miða við viðvarandi og stöðugt verksvið. Þá sé heimilt að semja um persónubundna þætti sem geri menn hæfari en ella til þess að sinna viðkomandi starfi. Nánar er fjallað um þá þætti sem hér koma til álita í grein 11.1.3.1. Þar segir meðal annars í 3. tölulið að þar undir falli þættir sem auki hæfni starfsmanns og tekið fram að það geti tengst „formlegri menntun, eða áhuga og framtaki starfsmanns við að afla sér símenntunar og þekkingar sem að gagni kæmi í starfi“. Þá er áréttað að sérstaklega skuli „meta formlegt framhaldsnám sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu“.
- 66 Greinar þær sem að framan eru raktar eiga rætur að rekja til kjarasamninga sem gerðir voru fyrir verkfall aðildarfélaga Bandalags háskólamanna (BHM), þ. á m. stefnanda, árið 2015, er lauk með setningu laga nr. 31/2015, sem að framan er rakið. Fyrir 2015 voru gerðir stofnanasamningar milli stefnanda og Hafrannsóknarstofnunar og hafa

tveir þeirra verið lagðir fyrir Félagsdóm, annars vegar samningur frá 5. maí 2006 og hins vegar frá 10. maí 2012. Í báðum samningunum er í grein 4.1 fjallað um grunnröðun starfa í launaflokka og mælt fyrir í grein 4.2 um tilteknar launaflokkahækkanir til viðbótar „vegna BSc honours prófs“, „vegna meistaraþrófs“ og „vegna doktorsprófs eða hliðstæðrar menntunar“.

- 67 Eins og vikið hefur verið að tók gerðardómur samkvæmt lögum nr. 31/2015 í úrskurði sínum 14. ágúst 2015 m.a. afstöðu til ágreinings BHM-félaganna við stefnda um launasetningu með tilliti til menntunar. Í forsendum úrskurðarins er vikið að kröfu BHM-félaganna um þetta atriði og viðbrögðum samninganefndar stefnda við henni. Tekið er fram að gerðardómurinn telji rétt að taka til greina kröfu BHM-félaganna um að í 11. kafla kjarasamningsins „verði sett lágmarksákvæði um það hvernig viðbótarmenntun skuli metin til launa“, þannig að byggt yrði á ECTS einingum „vegna formlegrar menntunar umfram grunnmenntun“. Á hinn bóginn væri rétt að fara eftir tillögu samninganefndar stefnda frá 10. júlí 2015 í þessu efni með þeirri breytingu þó að í stað þess að „diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 1 þrep, eins og SNR bauð, þá skuli hækkunin vera 2 álagsþrep fyrir diplómu og að meistaraþráða leiði til hækkunar um 4 þrep en ekki 2 þrep eins og SNR bauð og doktorsnám eða sambærileg gráða um 6 þrep“. Tekið var fram í forsendunum að sérregla ætti að gilda um stefnanda, FÍN, þar sem launatafla þeirra væri byggð upp með öðrum hætti. Í stað tveggja álagsþrepa hækkunar í launatöflu þess félags kæmi tveggja launaflokka hækkun.
- 68 Í niðurlagi umfjöllunar gerðardóms um þessar breytingar kemur fram að „endurröðun í flokka eða þrep“ geti hugsanlega leitt til launalækkunar hjá einhverjum sem væri í starfi við gildistöku kjarasamningsins. Stæði þannig á skyldi viðkomandi halda „áunnum kjörum sínum, en ekki vera lækkaður í flokkum/þrepum vegna hugsanlegrar endurröðunar sem af þessari kerfisbreytingu leiðir“.
- 69 Eins og rakið er í málavaxtalýsingu var kjarasamningur aðila framlengdur frá 1. mars 2015 til 31. ágúst 2017 með úrskurðarorði gerðardómsins. Þar eru raktar breytingar á kjarasamningnum sem leiddu af 5. gr. úrskurðarorðanna en með greininni urðu verulegar breytingar á 11. kafla samningsins. Þessar breytingar koma fram í greinum 11.3.2 og 11.3.3 í gildandi kjarasamningi aðila frá febrúar 2018 en þar er einnig tekið mið af samkomulagi aðila 17. janúar 2017 um tilteknar breytingar á úrskurðarorði gerðardóms. Síðara ákvæðið lýsir þeim þáttum sem eiga að ákvarða röðun starfa í launaflokka, þar á meðal þýðingu viðbótarmenntunar umfram grunnmenntun á háskólastigi. Eins og lýst hefur verið leiðir slík viðbótarmenntun til launaflokkahækkunar annars vegar á grundvelli greinar 11.3.3.1, þegar gerð er krafa um slíka menntun til að viðkomandi fái gegnt starfinu, og hins vegar á grundvelli greinar 11.3.3.2, þegar viðbótarmenntun nýtist í starfinu án þess að hennar sé krafist.
- 70 Stofnanasamningur aðila sem deilt er um í þessu máli er frá 30. júní 2017, en þá voru tæp tvö ár liðin frá því að úrskurður gerðardóms féll. Samningurinn gildi þó frá 1. júlí

2016 eins og segir í 13. gr. Í 3. gr. samningsins er fjallað um grunnröðun starfs í samræmi við grein 11.1.3 og grein 11.3.3.1 í kjarasamningi aðili sem raktar hafa verið. Þar eru í grein 3.1 skilgreind starfsheiti og þeim raðað í mismunandi launaflokka. Í lýsingu starfsheitanna koma fram ólíkar kröfur til ábyrgðar og verkefna og að einhverju leyti til kunnáttu eins og fyrir er mælt í grein 11.3.2 í kjarasamningi aðila.

- 71 Í grein 3.3 í stofnanasamningnum er skírskotað til greinar 11.3.3.1 í kjarasamningnum, sbr. úrskurð gerðardóms, með þeim orðum að taka skuli tillit til „viðbótarmenntunar umfram grunnmenntun í samræmi við úrskurðarorð gerðardóms (11.3.3.1), frá 14. ágúst 2015, sbr. samkomulag FÍN og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs frá 16. janúar 2017“. Síðan er vitnað beint til kjarasamningsákvæðisins með framangreindri breytingu, en orðrétt er ákvæðið svohljóðandi:

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (Bakkalárpróf/BA/BS/B.Ed.) í starfslýsingu skal hún metin til viðbótar við grunnröðun til launaflokka sem hér segir:

- Diplóma eða sambærilegt nám (60 ECTS) 2 launaflokkar
- Meistaránám (90 – 120 ECTS) 4 launaflokkar
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 ECTS) 6 launaflokkar

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

- 72 Í grein 4.1 í stofnanasamningnum er kveðið á um að við grunnröðun starfs samkvæmt 3. gr. bætist við launaflokkar „vegna viðbótarmenntunar í samræmi við gerðardóm dags. 14. ágúst 2015“. Er því næst vitnað beint til þess sem segir í grein 11.3.3.2 í kjarasamningnum eins og honum var breytt með úrskurði gerðardóms og vikið hefur verið að. Orðrétt segir þar eftirfarandi:

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 launaflokka, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 launaflokka og doktors- eða sambærileg gráða um 6 launaflokka, en þó aldrei herra en launataflan leyfir. Stytttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

- 73 Í bókun 1 við stofnanasamninginn eru svohljóðandi ákvæði:

Tryggt skal að enginn lækki í launum

Við gerð stofnasamnings þessa er gengið út frá því að allir hækki um launaflokk og um menntunarákvæði gerðardóms. / Við röðun starfsmanna samkvæmt samningi þessum skal tryggt að enginn lækki í launum.

Mat á menntun

Starfsmenn á hinn nýju stofnun voru ráðnir til starfa á grunni eldri stofnanasamninga og hver og einn starfsmaður naut menntunarákvæða hjá hinum eldri stofnunum. Menntunarákvæðin sem starfsmenn höfðu í eldri stofnanasamningum falla niður 2. júlí 2016 og samhliða því taka ný menntunarákvæði gerðardóms gildi. Meta skal menntun sem krafist er í starfi samkvæmt grein 3.3 og meta skal menntun sem nýtist í starfi samkvæmt grein 4.1 í stofnanasamningi aðila. Að öðru leyti er vísað til ákvæða gerðardóms frá 14. ágúst 2015.

- 74 Eins og rakið hefur verið vísar stefnandi til þess að starfsmaðurinn Lísu Anne Libungan sé með starfsheitið Náttúrufræðingur 4. Samkvæmt grein 3.1 í stofnanasamningnum eigi því að grunnraða starfi hennar í launaflokk 18. Þá bendir hann á að í starfslýsingu þess starfs sem hún gegnir hjá Hafrannsóknarstofnun sé gerð krafa um meistaraþróf í líffræði. Samkvæmt grein 3.3 í stofnanasamningnum veiti það viðkomandi starfsmanni fjóra launaflokka til viðbótar þeim flokkum sem leiði af röðun samkvæmt grein 3.1. Því til viðbótar komi sérstakt mat á framhaldsmenntun hennar vegna doktorsþrófs í líffræði, sem tryggi henni sex launaflokka til viðbótar, sbr. grein 4.1. Auk þess eigi hún tilkall til eins launaflokks á grundvelli framangreindrar bókunar 1, en þar sé gengið út frá því að við gerð stofnanasamningsins hækki allir um launaflokk. Samtals eigi því að skipa Lísu Anne í launaflokk 29 (18+4+6+1).
- 75 Í málinu liggur fyrir að stefndi hafi við launasetningu Lísu Anne raðað henni í launaflokk 24. Í greinargerð er þessi röðun útskýrð á þann veg að byggt hafi verið á fyrri grunnröðun hennar sem hafi verið launaflokkur 17. Í því sambandi vísar stefndi til þess að Lísu Anne hafi upphaflega verið ráðin í starf sérfræðings 3 en samkvæmt þágildandi stofnanasamningi 10. maí 2012 hafi því starfi verið raðað í launaflokk 15. Einum launaflokki hafi verið bætt við vegna hækkunar sem hafi tekið gildi 1. ágúst 2013 og öðrum vegna eiturefnaálags á grundvelli greinar 4.3 í þeim samningi (15+1+1). Kveður stefndi að þessi röðun hafi tekið tillit til meistaragráðu Lísu Anne. Ofan á þessa grunnröðun hafi verið bætt einum launaflokki í samræmi við bókun 1 í nýja stofnanasamningnum og síðan sex launaflokkum vegna doktorsþrófs Lísu Anne í samræmi við grein 4.1. Samkvæmt þessu telur stefndi rétt að raða henni í launaflokk 24 (17+1+6). Þannig kveður stefndi að röðun Lísu Anne taka mið af æðstu menntunar hennar.
- 76 Efnislegur ágreiningur aðila virðist í raun lúta að þeirri aðferð stefnda að taka mið af grunnröðun á starfi Lísu Anne samkvæmt eldri stofnanasamningi og líta svo á að þar hafi verið tekið tillit til meistaraþrófs hennar. Í því efni hefur stefnandi lagt áherslu á að einungis skuli meta starfsmenn á grundvelli hins nýja stofnanasamnings án tillits til röðunar samkvæmt eldri samningi.

- 77 Ákvæði stofnanasamnings aðila 30. júní 2017 eru reistar á þeim nýmælum í úrskurði gerðardóms er lutu að mati á menntun til launa samkvæmt kjarasamningi aðila. Þessi ákvæði mæla með tæmandi hætti fyrir um það, skref fyrir skref, hvernig því mati skuli hagað. Hvergi í stofnanasamningnum eða í úrskurði gerðardóms er gefið til kynna að líta skuli til röðunar starfsmanna samkvæmt eldri stofnanasamningi við það mat nema að því leyti að enginn átti að lækka í launum eins og kveðið er á um í bókun 1. Fær þessi skilningur einnig stoð í sömu bókun, þar sem sérstaklega er kveðið á um að menntunarákvæði samkvæmt eldri stofnanasamningnum falli niður við gildistöku nýja samningsins 1. júlí 2016 og samhliða því taki ný menntunarákvæði gerðardóms gildi. Í kjölfar samþykktar nýja samningsins bar því að meta störf og starfsmenn Hafrannsóknastofnunar, er njóta kjara samkvæmt kjarasamningi stefnanda við stefnda, að öllu leyti á grundvelli ákvæða hans m.a. um áhrif viðbótarmenntunar umfram grunnmenntun á launasetningu.
- 78 Starfslýsing á starfi Lísu Anne frá ágúst 2017 mælir fyrir um að hún gegni starfi náttúrufræðings 4. Samkvæmt grein 3.1 grunnraðast starfið í launaflokk 18. Starfslýsingin ber einnig með sér að krafist sé meistaraprófs í líffræði, en Lísa Anne uppfyllir það skilyrði. Samkvæmt grein 3.3 í stofnanasamningi aðila eiga fjórir launaflokkar því að bætast við framangreinda grunnröðun til launaflokka.
- 79 Launasetning Lísu Anne, eins og henni er lýst í greinargerð stefnda, þar sem henni var grunnraðað í launaflokk 17 samkvæmt eldri stofnanasamningi, og á því byggt að meistaraprófið hafi þá verið metið til launaflokka, en doktorsgráða hennar metin að fullu samkvæmt grein 4.1 í nýjum stofnanasamningi, fær ekki samrýmt framangreindum forsendum. Á slíkum samsláttur eldri grunnröðunar og annarra atriða í yngri samningi enga stoð í gildandi stofnanasamningi, hvorki í einstökum efnisákvæðum hans né bókun 1 sem honum fylgdi.
- 80 Eins og rakið hefur verið lýtur kröfugerð stefnanda að því að stefndi hafi brotið stofnanasamninginn með því að raða ekki Lísu Anne í launaflokk 29. Endanleg niðurstaða um sakarefni málsins ræðst því ekki af því hvort röðun stefnda hafi átt stoð í gildandi samningi heldur af því hvort samningurinn leiði til þeirrar niðurstöðu um röðun sem er forsenda kröfugerðar stefnanda.
- 81 Við túlkun á gildandi stofnanasamningi verður einkum að líta til orðalags hans. Þar sem áskilið er í grein 4.1 að formleg framhaldsmenntun hafi ekki verið metin við grunnröðun starfsins samkvæmt 3. gr., og í ljósi tilurðar greina 3.3 og 4.1, verður enn fremur að skýra þær í samhengi hvorar við aðra. Eins og rakið hefur verið eiga báðar greinarnar rætur að rekja til ákvæða kjarasamnings aðila eins og honum var breytt með úrskurði gerðardóms 14. ágúst 2015. Forsendur úrskurðar gerðardóms fylgdu úrskurðarorðunum og eru báðum samningsaðilum kunnar. Með því að þeir hafa við gerð stofnanasamnings lagt úrskurðarorð gerðardómsins til grundvallar, án þess að séð verði að gerður hafi verið fyrirvari við birtar forsendur gerðardómsins, er rétt að

hafa þær til hliðsjónar við túlkun ákvæðanna svo langt sem þær ná og að því leyti sem orðalag þeirra veitir ekki skýra leiðsögn.

- 82 Grein 3.3 mælir fyrir um áhrif þess ef gerð er krafa í starfslýsingu til viðbótarmenntunar umfram grunnmenntun á grunnröðun starfs í launaflokk. Fara launaflokkar stigfjölgaði eftir því sem að krafist er æðri framhaldsgráðu umfram grunnmenntun. Eins og áður segir ber að grunnraða starfi Lísu Anne í launaflokk 18 samkvæmt grein 3.1 í stofnanasamningi. Þar sem starfið krefst meistaraprófs í líffræði umfram grunnmenntun ber að raða starfinu í launaflokk 22 samkvæmt greinum 3.1 og 3.3 í stofnanasamningnum. Að þessu leyti er fallist á málatilbúnað stefnanda. Þá er ágreiningslaust að Lísu Anne eigi tilkall til eins launaflokks á grundvelli 1. málslíðar í bókun 1.
- 83 Kemur þá til álita hvaða áhrif grein 4.1 eigi að hafa á röðun Lísu Anne í launaflokk þar sem hún er með doktorspróf í líffræði. Háskólanám er þannig uppbyggt samkvæmt 6. og 7. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla, að meistara- eða kandidatekspróf byggist á bakkalárrófi eða jafngildi þess ásamt viðbótarnámseiningum (90 – 120 staðlaðar námseiningar) og doktorspróf byggist á meistara- eða kandidateksprófi ásamt viðbótarnámseiningum (að lágmarki 180 stöðluðum námseiningum). Gögn málsins bera það með sér að Lísu Anne hafi lokið doktorsprófi í beinu framhaldi af meistaraprófi sem þannig byggðist á meistaranámi hennar.
- 84 Af skýru orðalagi greinar 4.1 verður að draga þá ályktun að framhaldsmenntun, sem þegar hefur verið metin við grunnröðun starfsins, komi ekki til sérstaks mats samkvæmt greininni. Ákvæði þetta miðar að því að hindra að menntun, sem þegar hefur leitt til launaflokkahækkunar á grundvelli greinar 3.3, leiði einnig til hækkunar samkvæmt grein 4.1. Orðalag greinarinnar tekur hins vegar ekki af skarið hvort miðað sé við að doktorsgráða tryggi undanbragðalaust hækkun um sex launaflokka án tillits til þess hvort meistaragráða, sem doktorsgráðan byggist á, hafi þegar verið metin til launaflokkahækkunar á grundvelli greinar 3.3, eins og stefnandi byggir málatilbúnað sinn á. Í því efni verður ekki fram hjá því litið að launaflokkahækkun samkvæmt grein 4.1 fer stighækkandi eftir því sem æðri framhaldsgráðu er náð. Ber að túlka grein 4.1 að þessu leyti til samræmis við grein 3.3 og fyrrgreind ákvæði laga um háskóla þannig að full launaflokkahækkun samkvæmt fyrrnefndu greininni verði aðeins náð ef undanfarandi framhaldsnám hefur ekki þegar verið metið til launaflokkahækkunar á grundvelli greinar 3.3. Það á ekki við um nám Lísu Anne. Af þeim sökum er ekki unnt að taka kröfu stefnanda um brot á þessum greinum stofnanasamningsins til greina eins og hún er fram sett. Þá koma aðrir þættir hennar um ætluð brot á tilgreindum ákvæðum hans ekki til álita.
- 85 Hafi viðkomandi starfsmaður notið launaflokkahækkunar vegna meistaraprófs sem krafist er til starfans, sbr. grein 3.3 í stofnanasamningi aðila, en hefur að auki lokið doktorsprófi í sömu grein, eins og á við um Lísu Anne, verður í samræmi við markmið og tilgang greinar 4.1 að líta svo að doktorsgráðan leiði til launaflokkahækkunar

samkvæmt síðarnefndu greininni að frádreginni þeirri hækkun sem þegar hefur verið metin vegna undanfarandi meistaranáms við grunnröðun starfsins. Þar sem stefnandi hefur ekki gert varakröfu í samræmi við þennan skilning á stofnanasamningi aðila er óhjákvæmilegt annað en að sýkna stefnda alfarið af kröfum stefnanda.

- 86 Eins og úrslitum máls þessa er háttað og með hliðsjón af 3. mgr. 130. gr. laga nr. 90/1991 þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið vegna Hafrannsóknarstofnunar, rannsókn- og ráðgjafastofnunar hafs og vatna, er sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.